

## 74. fundur Menningarmálanefndar Skaftárhrepps 18.05.2017

Mættir: Ingólfur Hartvigsson, Sólveig Ólafsdóttir og Þuríður Helga

Fundur settur kl.13:00 í Kirkjubæjarstofu

### Dagskrá fundar:

#### 1. Arftaki Kammertónleikanna – Hugmyndir

Ýmsar vangaveltur um mögulega viðburði ræddar en að lokum var tekin ákvörðun um að skipuleggja engan viðburð í staðinn í ár. Þar sem engum fjármunum var áætlað í neinn viðburð í staðinn fyrir Kammertónleikana á fjárhagsáætlun en á móti ákveðið að setja meiri fjármuni í Uppskeruhátíðina að þessu sinni.

#### 2. Múlakotsskóli – Hugmyndir

Gluggarnir í húsið verða tilbúnir um mánaðarmótin næstu en vegna anna hjá verktaka verða þeir líklegast ekki settir upp fyrr en í haust.

#### 3. Önnur mál

- a. Fyriráætlaður Alþjóðadagur á Klaustri ræddur en hann er í verkefni RKÍ deildarinn á Klaustri. Síðasta sumar ræddi nefndin um möguleika á að halda slíkan dag á svæðinu í framtíðinni en þar sem RKÍ deildin á Klaustri er að skipuleggja þennan viðburð hefur nefndin ákveðið að bjóða fram sína aðstoð og stuðning ef þörf er á. Menningarmálanefnd er sammála um mikilvægi slíks dags þar sem við búum á fjölmenningsvæði og að viðburður sem þessi sé einmitt í anda þess sem störf nefndarinnar stendur fyrir.
- b. Mikil tilhlökkun er í nefndinni eftir því að félagsheimilið losni svo húsnæðið verði laust undir ýmis félagsstörf.

Fundi slitið kl.14:30